

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar og er þá stjórn hitaveitu heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 2 000,00 í hvert skipti.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

11. gr.

Eftirlitsmaður Hitaveitu Ytri-Torfustaðahrepps skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Ytri-Torfustaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 23. mars 1993.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. stöðubann í Vallarstræti og Thorvaldsensstræti.
2. stöðubann við Skógarás, beggja vegna, frá Selásbraut að göngustíg móts við hús nr. 6. Ákvörðun þessi tekur gildi 30. mars 1993.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 17. mars 1993.

Böðvar Bragason.